



Börn með fæðuóþol eða fæðuofnæmi í leikskólum í Garðabæ

Í leikskólum í Garðabæ er komið til móts við börn sem greinast með fæðuóþol/fæðuofnæmi. Til að hægt sé að taka tillit til barna með óþol/ofnæmi þarf að liggja fyrir greining læknis á óþolinu/ofnæminu.

Fæðuóþol

Fæðuóþol er samheiti yfir ofnæmislík einkenni sem ekki finnst orsök fyrir en talin eru tengjast fæðunni. Börn með óþol hefur einkenni fæðuofnæmis en blóðpróf og önnur próf sýna ekki að líkaminn hafi myndað mótefni gegn viðkomandi fæðu. Það er ljóst að oft er erfitt að greina á milli fæðuóþols og fæðuofnæmis og áður en ráðist er í umfangsmiklar rannsóknir eða fæðuþolsprófanir er ráðlegt að útiloka aðrar hugsanlegar orsakir. Ekki er rétt að breyta mataræði eða útiloka vissa fæðuflokka nema í samráði við lækni.

Fæðuofnæmi

Það kallast fæðuofnæmi þegar líkaminn hefur myndað mótefni gegn ákveðnum efnasamböndum í fæðunni, s.s. gegn mjólkurpróteinum. Einkenni fæðuofnæmis geta komið í ljós allt frá nokkrum mínútum og allt að 2-3 klukkustundum eftir að fæðunnar er neytt. Greining fæðuofnæmis byggist fyrst og fremst á sögu um ofnæmisviðbrögð. Til eru próf til að kanna hvort um fæðuofnæmi er að ræða en þau eru flest óáreiðanleg. Með blóðprófum eða svokölluðum "prick-test"-prófum er yfirleitt hægt að finna þau mótefni sem líkaminn hefur myndað og þannig finna þær fæðutegundir sem einstaklingurinn gæti haft ofnæmi fyrir. Til að vera fullviss um að fæðuofnæmi sé orsök þarf þó oftast að gera tilraunir með mataræði eða prófa viðkomandi fæðutegund á sjúklingnum.

Einkenni

Helstu einkenni fæðuofnæmis eða fæðuóþols eru frá meltingarvegi, s.s. uppköst eða niðurgangur. Þetta á einkum við um yngri börn. Kláði og útbrot í munn og koki gerir stöku sinnum vart við sig. Ýmsir telja að barnaexem versni við neyslu vissra fæðutegunda. Hiti og hitaútbrot t.d. í andliti eru oft rakin til ofnæmis fyrir skeldýrum. Astmalík einkenni og

einkenni sem koma fram í nefi og augum, lík frjófnæmi, geta komið fyrir, einkum hjá börnum og tengjast stundum óþoli eða ofnæmi fyrir einstökum fæðutegundum.

Verkferill leikskóla

Fæðuofnæmi getur verið lífshættulegt. Starfsfólk þarf að vinna náið með aðstandendum og heilbrigðisstarfsfólki að því að skapa öruggt umhverfi fyrir börn með fæðuofnæmi og draga úr hættunni á því að þau komist í tæri við ofnæmisvalda. Einnig skal unnið að því að barnið upplifi sig ekki öðruvísi en skólafélagarnir og fái notið viðburða þar sem matur og drykkur kemur við sögu jafnt og aðrir.

Til að hægt sé að koma til móts við óþol/ofnæmi barna í leikskólum Garðabæjar þarf eftirfarandi verkferill að vera til staðar í leikskólanum.

1. Læknisvottorð liggi fyrir um hvers kyns óþol/ofnæmi er til staðar hjá barninu. Vottorðinu fylgi lýsing á óþoli/ofnæmi, viðbrögð barnsins við því og leiðbeiningar læknis um hvernig leikskólinn skuli bregðast við. Ef ekki koma fram leiðbeiningar í vottorði skal leikskólastjóri hafa samband við viðkomandi lækni og fá nánari leiðbeiningar. Læknisvottorð þarf að endurnýja árlega.
2. Leikskólastjóri fundar með foreldrum barnsins og fer yfir verkferil leikskólans.
3. Hengdar eru upp myndir af börnum með óþol/ofnæmi í eldhúsi ásamt nákvæmri lýsingu á þeim matvælum sem viðkomandi barn þolir ekki.
4. Leikskólastjóri fer yfir viðbrögð eldhúss með matráði og aðstoðarmanni.
5. Leikskólastjóri fer yfir viðbrögð starfsfólks deildar barnsins.
6. Leikskólastjóri fer yfir viðbrögð allra starfsmanna leikskólans.
7. Ef barn með óþol/ofnæmi fær ofnæmisviðbrögð, þá eru gefin lyf þegar við á en ávallt haft samband við foreldra og þeir látnir vita.

Ábyrgð aðstandenda / forráðamanna

- Upplýsa skólann um fæðuofnæmið/-in og annað sem taka þarf tillit til.
- Leggja skal fram læknisvottorð með upplýsingum um ofnæmið sem og leiðbeiningar um rétt viðbrögð við ofnæmistilviki, aðgerðaáætlun og atvikaskráning.
- Tryggja að í skólanum séu ávallt nauðsynleg lyf. Lyfin þurfa að vera greinilega merkt viðkomandi barni og þau þarf að endurnýja áður en þau renna út.
- Gera áætlun um fyrirbyggjandi aðgerðir og viðbrögð við ofnæmistilvikum í samvinnu við skólann. Áætlunin þarf að taka mið af þörfum barnsins í ólíkum aðstæðum á viðverutíma barnsins, þ.e. á deildinni / í matsal og á viðburðum á vegum skólans. Ný og góð mynd af barninu þarf að fylgja með áætluninni. Einnig blað með engri mynd á til að nota í þeim tilfellum sem óskað er eftir því að mynd af barninu sé ekki birt.
- Gefa greinargóðar upplýsingar um hvað það er sem barnið borðar og vera til ráðgjafar og samstarfs um örugg aðföng og vörur sem hafa reynst vel.

- Fara reglubundið yfir verklag og viðbrögð við ofnæmistilvikum með starfsfólki skólans.
- Veita skólanum upplýsingar um tengiliði í neyðartilfellum.
- **Kenna barninu**, í samræmi við aldur og þroska þess, hvernig á að lifa með ofnæminu.

Ábyrgð skólans

- Þekkja og fara eftir leiðbeiningum þessum varðandi fæðuofnæmi og móttöku barna með fæðuofnæmi. Einnig að fylgja leiðbeiningum Matvælastofnunar (<http://www.mast.is/matvaeli/merkingar/ofnaemi-othol/>) er snúa að upplýsingagjöf um ofnæmisvalda og tryggja að þeir sem bera ábyrgð á matargerð og/eða móttöku matar og afgreiðslu/skömmun fylgi þeim reglum í hvítvetna. Jafnframt, ef matur er keyptur annarsstaða frá, að sá aðili sé einnig að fylgja viðurkenndum verklagsreglum í hvítvetna.
- Setja á fót forvarnar- og viðbragðsteymi (ofnæmisteymi) með skólahjúkrunarfræðingi, yfirmanni mótuneytis, stafsmönnum í eldhúsi/mötuneyti, kennarum og skólastjóra til að vinna með aðstandendum að því að útbúa fyrirbyggjandi aðgerðaáætlun vegna fæðuofnæmis. Breytingar á áætluninni skulu aðeins gerðar í samráði við teymið.
- Gera þarf áætlun vegna barna sem eru með alvarlegt fiskofnæmi og þola ekki gufur af fiski. Tilgreina hvar þau borða sinn mat og með hverjum þegar fiskur er á boðstólum. Gott er að hafa vin sem borðar með barninu auk fullorðins einstaklings, þetta getur þó verið háð aldri barnsins.
- Upplýsa aðstandendur með fyrirvara um fyrirhugaðar breytingar á matarþjónustu t.a.m. ef nýr aðili eða fyrirtæki tekur við eldhúsi/mötuneyti.
- Tryggja að börn með fæðuofnæmi geti tekið þátt í öllum viðburðum þar sem veitingar eru á boðstólum.
- Skrá á viðurkenndan máta öll tilfelli fæðuofnæmis sem upp koma, læra af atvikinu og draga úr líkum á því að það endurtaki sig. Skólastjóri skal upplýsa viðkomandi aðila innan sveitafélagsins sem um ræðir. Nota má [eyðublaðið sem finna má hér](#)
- Fara yfir verklag og fylgja eftir viðbragðsáætlun varðandi fæðuofnæmi barns í samvinnu við viðbragðsteymið (a.m.k. einu sinni á önn).
- Tryggja að allir starfsmenn starfsstaðarins kunni að nota adrenalínpenna auk þess sem allir þurfa að vera upplýstir um þá staði sem pennar eru geymdir á.
- Standa fyrir fræðslu fyrir allt starfsfólk skólans til að upplýsa á faglegan máta um ofnæmi og viðbrögð við því og hvernig lyfin eru gefin á réttan hátt. Sá sem veitir fræðsluna skal vera fagaðili eða annar aðili sem þekkir mjög vel til t.a.m. hjúkrunarfræðingur / læknir / næringarfræðingur eða aðstandandi barnsins.
- Tryggja að allt starfsfólk sem er í reglulegum samskiptum við barnið viti um fæðuofnæmið/in þekki einkennin, viti hvernig á að bregðast við í neyðartilfellum og vinni markvisst að því að takmarka notkun ofnæmisvalda í máltíðum, kennslugögnum, t.d. í list- og verkgreinum ásamt öðrum þáttum starfsins.
- Endurskoða verklag reglubundið og æfa rétt viðbrögð við fæðuofnæmistilvikum til að tryggja að verklagið virki.

- Tryggja að lyf séu geymd á öruggan hátt, **á stað þar sem allir vita um** og í samráði við leikskólastjóra. **Lyf þarf að endurnýja eftir að gripið hefur verið til þeirra** auk þess sem fylgjast þarf með fyrningardagsetningu og að endurnýja lyf í tíma.
- Tilnefna starfsfólk sem hlýtur viðeigandi þjálfun í að gefa lyfin á réttan máta.
- Bregðast rétt og hratt við ofnæmistilvikum, tryggja að alltaf sé starfsmaður til staðar sem getur gefið rétt lyf, hvar og hvenær sem er á starfstíma og/eða viðburðum skólans.
- Yfirfara forvarnar- og viðbragðsáætlun eftir að ofnæmistilvik hafa komið upp með ofnæmisteymi skólans og aðstandendum og meta hvort gera þurfi einhverjar breytingar og í hverju þær breytingar skulu felast.
- Gera áætlun í samvinnu við aðstandendur barna með fæðuofnæmi um verklag og fyrirbyggjandi aðgerðir vegna fæðuofnæmis í ferðum á vegum skólans, s.s. vettvangsferða. Einnig í tengslum við afmælisveislur og aðra viðburði.
- Upplýsa gestgjafa í vettvangsferðum um að barn í hópnum sé með fæðuofnæmi og að gæta þurfi ytrustu varúðar verði matur á boðstólnum. Ekki er nauðsynlegt að þiggja mat í vettvangsferðum og því mætti ræða við viðkomandi aðila hvort matur þurfi að vera í boði og gjarnan koma með hugmyndir að nýsamlegum hlutum í stað matar. Ef nauðsynlegt er að bjóða upp á mat að taka með mat sem hentar barninu með fæðuofnæmið.
- Fylgja lögum um persónuvernd varðandi vörslu og dreifingu sjúkraupplýsinga um börn.
- Tryggja að aðilar sem tengjast skólastarfinu á annan hátt séu upplýstir um og kunni að bregðast við ofnæmistilvikum.
- Það er á ábyrgð skólans að tryggja að allir starfsmenn sem vinna með barninu kunni að nota adrenalínpena auk þess sem allir þurfa að vera upplýstir um hvar slíkir pennar eru geymdir.
- Á sumum leikskólum eru útbúnar diskamottur eða settar upplýsingar á borðið með mynd á fyrir hvert barn þar sem upplýsingar um fæðuofnæmi koma fram eftir því sem við á.
- Mikilvægt er að sammælast um orðræðuna þegar hringt er í foreldri og tilkynnt um ofnæmistilfelli. Dæmi: "*Sæl, það er allt í lagi með X, en hann fékk fyrir slysi einn bita af fiskibollu með mjólk í*"
- Upplýsa foreldra annarra barna um fæðuofnæmið m.a. vegna viðburða innan skólans.